

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi fyrir Ásland 4.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar á fundi sínum 17. desember 2025 breytingu á deiliskipulagi Áslands 4. Breytingin felst í að 54 einbýlishúsalóðum er breytt í 14 parhús og 14 raðhús. Íbúðum fjölgar um 21 í hverfinu. Einnig er gert ráð fyrir búsetukjarna með 6-7 íbúðum.

Málsmeðferð var skv. 1. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Breyting á deiliskipulagi Staðarbergs vegna staðsetningar á grenndargámum.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar á fundi sínum 14. janúar 2026 breytingu á deiliskipulagi Staðarbergs. Breytingin felst í að gert er ráð fyrir svæði fyrir grenndargáma á lóð bæjarins.

Málsmeðferð var skv. 2. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir ásamt greinargerð og skipulagsskilmálum hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 19. janúar 2026.

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs,
Anna Margrét Tómasdóttir verkefnastjóri.

B deild - Útgáfudagur: 4. febrúar 2026